

ÁRSFUNDUR 2019

11. apríl á Reykjavík Natura



Ársfundur 2019

Dagskrá

1. Fundarsetning
2. Skýrsla stjórnar
3. Ársreikningur 2018 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs
4. Kynning á fjárfestingarstefnu
5. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
6. Kosning stjórnar
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
8. Ákvörðun um laun stjórnar
9. Önnur mál



Ársfundur 2019

Dagskrá

1. Fundarsetning
2. Skýrsla stjórnar
3. Ársreikningur 2018 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs
4. Kynning á fjárfestingarstefnu
5. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
6. Kosning stjórnar
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
8. Ákvörðun um laun stjórnar
9. Önnur mál



Skýrsla stjórnar

Ólafur Jónsson, formaður stjórnar




Sérhæfðar örorku- og dánarlíkur



Dánarlíkur

Lifum lengra en
meðaltal

Hátt hlutfall
iðgjalda nýttist til
að greiða
eftirlaun



Örorkulíkur


minni örorka en hjá
flestum

Réttindi eru með
besta móti



Hagstæð langtímaávöxtun


Raunávöxtun á ári



Ávöxtun
samtryggingarsjóð í
takt við meðaltal



Lán til sjóðfélaga



Uppgreiðslur lána
hafa aukist mikið
vegna
endurfjármögnunar

Fjárfestingarstefna 2019



Efnisyfirlit

- I. Almenni lífeyrissjóðurinn
- II. Söguleg ávöxtun
- III. Efnahagshorfur, vænt ávöxtun og framreikningur
- IV. Fjárfestingarstefna 2019
- V. Viðmið

Viðauki: Fjárfestingarstefnur ávöxtunarleiða

Fylgiskjal 1: Reglur um lán til sjóðfélaga

Fylgiskjal 2: Eigendastefna Almenna lífeyrissjóðsins

Fylgiskjal 3: Útdráttur úr eftirlitskerfi með áhættu

Ítarleg stefna

Fjárfestingarstefna Almenna lífeyrissjóðsins er aðgengileg fyrir sjóðfélaga á vefsíðu sjóðsins, www.almenni.is.

Til þjónustu reiðubúin



Frá opnu húsi
fyrir sjóðfélaga
laugardaginn
10. mars 2018



Ársreikningur 2018 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri





HEILINDI FRAMSÆKNI FAGMENNSKA

ÁRSSKÝRSLA 2018




ALMENNI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Ítarleg
ársskýrsla er
á heimasíðu

Sjóður stækkar um 10%




	2018	2017	Mism.	%
Eignir samtals, ma.kr.	229,4	208,9	20,5	9,8%
Séreignarsjóður	120,0	108,9	11,1	10,2%
Samtryggingarsjóður	109,4	100,0	9,4	9,4%



Sjóður stækkar, bæði séreign og sameign


Heildarsjóður stækkar um 6,4% af raungildi



Iðgjöld aukast um 13%



	2017	2017	Mism.	%
Iðgjöld samtals, m.kr	14.325	12.648	1.677	13,3%
Lágmarksiðgjöld	10.178	8.710	1.468	16,9%
Viðbótariðgjöld	4.147	3.938	209	5,3%




Lágmarksiðgjöld
aukast meira en
viðbótariðgjöld

Lífeyrisgreiðslur aukast um 16%



	2018	2017	Mism.	%
Samtryggingarsjóður	2.041	1.760	281	16%
Ellilífeyrir	1.650	1.393	257	18%
Örorkulífeyrir	176	153	23	15%
Makalífeyrir	194	192	2	1%
Barnalífeyrir	20	22	-2	-8%




Lífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði
aukast í takt við spár

Útborganir úr séreignarsjóði aukast



	2018	2017	Mism.	%
Séreignarsjóður samtals	3.304	2.951	353	12%
Útborgun skv. samþykktum	2.255	1.862	393	21%
Aukagreiðsla	0	0	0	
Séreign inn á lán	1.049	1.089	-40	-4%



Séreign inn á lán svipuð fjárhæð og í fyrra.


Heimild til að greiða inn á fyrstu fasteign er varanleg

Heimildir til húsnæðissparnaðar verða auknar samkvæmt lífskjarasamningnum


Samanburður við áætlun og fyrra ár



Rekstrarkostnaður í milljónum



Sundurliðun, samanburður við áætlun og fyrra ár




Kostnaður 2018 var 4% hærri en áætlun.

Mestu munar um kostnað við upplýsingatækni sem var meiri en upphaflega var gert ráð fyrir




Kostnaður hækkar milli ára

Rekstrarkostnaður í milljónum



Rekstrarkostnaður sem % af



Rekstrarkostnaður í hlutfalli af eignum hefur staðið í stað síðustu árin

Launa- vísitala	9,1%	5,0%	6,7%	6,3%	9,4%	8,7%	7,3%	5,8%	Árshækkun
	9,1%	14,6%	22,2%	29,9%	42,1%	54,5%	65,8%	75,4%	Uppsafnað


Áhrif fjárfestingargjalda




Kostnaður	2018	%	2017	%
Bókfærður kostnaður	649	0,30%	563	0,29%
Kostnaður í sjóðum	315	0,14%	288	0,15%
Samtals	964	0,44%	851	0,43%

Kostnaður í sjóðum

Innlendir	93	123
Erlendir	222	165



Samanburður við aðra sjóði



Kostnaðarhlutfall
Almennna er með
því lægsta meðal
íslenskra
lífeyrissjóða



Tryggingafræðileg úttekt

Úttekt miðað við 31. desember 2018



Hvað er verið að reikna?



Mat á eignum og áætluðum skuldbindingum

Áunnin staða

- Núverandi eignir
- Skuldbindingar vegna þegar greiddra iðgjalda

+

Framtíðarstaða

- Iðgjöld virkra sjóðfélaga til 70 ára
- Skuldbindingar vegna framtíðar-iðgjalda

=

Heildarstaða

Helstu forsendur

- Árleg raunávöxtun 3,5%
- Nýjar sérhæfðar dánar- og örorkulíkur sjóðfélaga 2010 - 2014
- Íslenskar barnseigna- og hjúskaparlíkur




Sérhæfðar örorku- og dánarlíkur

Nákvæmari forsendur


- Nýjar örorkulíkur sem byggja á raunverulegri örorkutíðni sjóðfélaga í stað þess að horfa til allra sjóðfélaga íslenskra lífeyrissjóða líkt og áður hefur verið gert
- Sérhæfðar dánarlíkur byggja á sama hátt á raunverulegri dánartíðni sjóðfélaga

Lægri örorkutíðni en hjá öðrum sjóðum



Eldri forsendur ofspáðu um örorku ekki síst hjá tekjuhærri sjóðfélögum

Nýr örorkuferill kvenna




Sama sagan
hjá konum
og körlum


Samanburður við aðra sjóði




Örorkuferlar karla



Örorkuferlar kvenna



Lifum lengur



Dánarlíkur hjá Almenna eru lægri en almennar dánarlíkur

Dæmi:


Karlar: 14,9 ár vs. 15,8 ár hjá AL

Konur: 17,0 ár vs. 17,5 ár hjá AL

Dánartíðni sjóðs og þjóðar



Dánartíðni 20 - 75 ára kvenna - log




Dánartíðni er lægri frá
upphafi starfsævinnar
til 75 ára aldurs


Sjóðfélagar AL verða allra sjóðfélaga elstir




Karlar




Konur




Tryggingafræðileg staða



Heildarstaða
er í jafnvægi



Afdrifaríkir dagar í lok ársins





Réttindi


Sveigjanleiki og áhættudreifing

- Áhersla á bæði samtryggingu og séreign
- Samtrygging
 - Eftirlaun til æviloka
 - Áfallalífeyrir
- Séreign
 - Sveigjanleiki, áhættudreifing
 - Sjóðfélagar ráða ferðinni
- Dæmi
 - Greitt í lífeyrissjóð 25-67 ára
 - Launaþróun í takt við íslenskan veruleika
 - 12% iðgjald
 - Allt í samtryggingu hjá samanburðarsjóði
 - 8% í samtryggingu hjá Almenna, 4% í séreign


Eftirlaun



Séreign



Réttindi



Örorka 45 ára



Séreign

Réttindi

Samanburður

53%

Almenni

0,9 árslaun

47%


Fráfall 45 ára





Séreign

Réttindi


Samanburður




Almenni



Barnalífeyrir vegna örorku eða fráfalls





Priðjungur í séreignarsjóð



Val um ávöxtun

60

Taka eftirlauna getur
hafist 60 ára



Lán til sjóðfélaga
Húsnæðissafn fyrir fyrstu fasteign



Eingöngu sjóðfélagar í stjórn



Áhættudreifing

Verið velkomin í Borgartún 25





Kynning á fjárfestingarstefnu

Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri



Fjárfestingarstefna 2019



Fjárfestingarstefna 2019



Efnisyfirlit

- I. Almenni lífeyrissjóðurinn
- II. Söguleg ávöxtun
- III. Efnahagshorfur, vænt ávöxtun og framreikningur
- IV. Fjárfestingarstefna 2019
- V. Viðmið

Viðauki: Fjárfestingarstefnur ávöxtunarleiða

Fylgiskjal 1: Reglur um lán til sjóðfélaga


Fylgiskjal 2: Eigendastefna Almenna lífeyrissjóðsins

Fylgiskjal 3: Útdráttur úr eftirlitskerfi með áhættu

Helstu breytingar

- Séreignarsöfnin Ævisafn II, Ævisafn III, Ríkissafn langt og Ríkissafn stutt lúta nú takmörkunum fyrir lágmarkstryggingarnefnd
- Í Húsnæðissafni hefur stefnu verið hnikað til milli skuldabréfaflokka
- Stefnu innan erlendra eignaflokka breytist lítið milli ára, en hlutfalli milli erlendra hlutabréfasjóða, þ.e. vísitölusjóða, hermisjóða, virkra sjóða og framtakssjóða hefur verið hnikað til

Ávöxtunarleiðir í boði



Samtryggingarsjóður



Fjárfestingarstefna


Samtryggingarsjóður

Skuldabréf/hlutabréf

50


50

Sveiflur



* framtaksfjárfestingar eru taldar með þeim eignaflokkum sem við á m.v. undirliggjandi eignir þeirra

Séreign, blönduð söfn



* framtaksfjárfestingar eru taldar með þeim eignaflokkum sem við á m.v. undirliggjandi eignir þeirra

Séreign, ríkissöfn




Fjárfestingarstefna

Skuldabréf og innlán

Sveiflur

Ríkissafn stutt


100



■ Eignir ■ Fjárfestingarstefna




Ríkissafn langt

100



■ Eignir ■ Fjárfestingarstefna

Séreign, innlán og skuldabréf




Góð langtímaávöxtun



Ávöxtun í %	Ávöxtun 2018		Ávöxtun sl. fimm ár	
	nafnávöxtun	raunávöxtun	nafnávöxtun	raunávöxtun
Ævisafn I	4,7	1,4	6,0	3,9
Ævisafn II	5,3	2,0	6,3	4,2
Ævisafn III	5,6	2,3	5,6	3,5
Samtryggingarsjóður	5,6	2,3	6,7	4,6
Ríkissafn stutt	4,0	0,7	4,6	2,6
Ríkissafn langt	7,0	3,7	6,0	3,9
Innlánasafn	5,1	1,8	4,0	2,0
Húsnæðissafn	5,5	2,2		

Ávöxtun eignaflokka 2018




Mikil gengishagnaður af innlendum skuldabréfum og veiking krónunnar skýra jákvæða ávöxtun




Innlend skuldabréf um 115 milljarðar

Góður kjarni í eignasöfnum



Innlend hlutabréf um 19 milljarðar


Vel dreift eignasafn á litlum markaði



Fjárfesting í um 40 félögum



Erlendar eignir um 75 milljarðar

Mikil áhættudreifing



Erlendar hlutabréf

1700 fyrirtæki í 36 löndum



Daglegt gengi á vefsíðu



Skoða gengi fyrir: **11.04.2019**



Blönduð söfn	Gengi		Frá áram.		Nafnávöxtun (%)		
	Sveiflur	Gengi	1 ár		3 ár	5 ár	10 ár
Samtryggingarsjóður	■■■■■	4.713,1	6,5	12,8	8,3	8,1	8,5
Ævisafn I	■■■■■	3.947,5	9,0	16,5	8,5	8,1	9,2
Ævisafn II	■■■■■	4.707,9	7,3	14,1	8,2	8,0	8,7
Ævisafn III	■■■■■	3.460,7	3,9	9,2	6,7	6,4	5,8
Ríkissöfn	Gengi		Frá áram.		Nafnávöxtun (%)		
	Sveiflur	Gengi	1 ár		3 ár	5 ár	10 ár
Ríkissafn - Langt	■■■■■	2.200,4	2,3	8,0	7,9	6,9	8,0
Ríkissafn - Stutt	■■■■■	1.642,5	2,7	5,9	5,2	4,9	5,1
Önnur söfn	Gengi		Frá áram.		Nafnávöxtun (%)		
	Sveiflur	Gengi	1 ár		3 ár	5 ár	10 ár
Innlánasafn	■■■■■	1.909,8	1,2	4,8	4,4	4,1	5,8
Húsnæðissafn	■■■■■	1.130,9	1,6	5,7			



Ársfundur 2019

Dagskrá

1. Fundarsetning
2. Skýrsla stjórnar
3. Ársreikningur 2018 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs
4. Kynning á fjárfestingarstefnu
5. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
6. Kosning stjórnar
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
8. Ákvörðun um laun stjórnar
9. Önnur mál



Tillögur um breytingar á samþykktum

Sigríður Ómarsdóttir

60

Tillögur um breytingar á samþykktum - 1



(1) Grein 2.3

- a. Lagt er til að grein 2.3 færist orðrétt niður í nýja grein 20.6.:

Núverandi grein:

Maki samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap eða óvígðri sambúð með sjóðfélaga, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagans. Með óvígðri sambúð er átt við sambúð tveggja einstaklinga sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. tvö ár.

Rökstuðningur:

Tillaga þessi er lögð fram til að gæta samræmis, en grein 20 fjallar um maka- og barnalífeyri og því rétt að skilgreining á hugtakinu maki sé þar að finna.

Tillögur um breytingar á samþykktum - 2



(2) Grein 3.3

- a. Lagt er til að grein 3.3 falli niður:

Núverandi grein:

Þeir, sem vilja gerast sjóðfélagar, skulu afhenda stjórn sjóðsins skriflega inntöku-
beiðni og felst í henni yfirlýsing um að þeir vilji hlíta samþykktum sjóðsins.

Rökstuðningur:

Tillaga þessi er lögð fram þar sem aðild er í mörgum tilfellum háð kjarasamningi.

- b. Verði tillagan samþykkt færast greinar 3.4 og 3.5 til og verða að greinum 3.3 og 3.4.
Tilvísanir í aðrar greinar breytast til samræmis, ef við á.

Tillögur um breytingar á samþykktum - 3



(3) Grein 3.4 (nú grein 3.3)

- a. Lagt er til að orðalag greinar 3.4 (nú grein 3.3) breytist:

Núverandi grein:

Þeir, sem eiga inneign í séreignarsjóði eða réttindi í samtryggingarsjóði, teljast sjóðfélagar. Þeir sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, teljast sjóðfélagar.

Lagt er til að eftirfarandi orðalag bætist við greinina:

[...] Þeir sem njóta maka- eða barnalífeyris úr sjóðnum teljast rétthafar.

Greinin eftir breytingar:

Þeir, sem eiga inneign í séreignarsjóði eða réttindi í samtryggingarsjóði, teljast sjóðfélagar. Þeir sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, teljast sjóðfélagar. Þeir sem njóta maka- eða barnalífeyris úr sjóðnum teljast rétthafar.

Rökstuðningur:

Tillaga þessi er lögð fram til að skýra nánar að þeir sem njóta réttinda hjá sjóðnum á grundvelli réttinda sem sjóðfélagi hefur aflað teljast rétthafar en ekki sjóðfélagar.

Tillögur um breytingar á samþykktum - 4



(4) Grein 5.7

- a. Lagt er til að orðalag greinar 5.7 breytist:

Núverandi grein:

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins er launuð og ákveður ársfundur stjórnarlaun fyrir liðið starfsár.

Lagt er til að eftirfarandi orðalag falli niður úr greininni:

[...] fyrir liðið starfsár.

Greinin eftir breytingar:

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins er launuð og ákveður ársfundur stjórnarlaun.

Rökstuðningur:

Tillaga þessi er lögð fram til að breyta ákvörðun um stjórnarlaun til samræmis við það sem gerist hjá öðrum lífeyrissjóðum og fyrirtækjum. Nánar tiltekið þá er lagt til að fallið verði frá því að ársfundur ákveði stjórnarlaun fyrir liðið ár en taki þess í stað ákvörðun um stjórnarlaun fram að næsta ársfundi. Tillagan breytir í engu fjárhæð stjórnarlauna.

Tillögur um breytingar á samþykktum - 5



(5) Grein 5.8

- a. Lagt er til að grein 5.8 falli niður:

Núverandi grein:

Bráðabirgðaákvæði sem gildir til ársfundar árið 2015.

Ákvæði um hámarksstjórnarsetu í grein 5.1. gildir frá 1. janúar 2003

Rökstuðningur:

Þar sem tímamörkin sem tilgreind eru í ákvæðinu eru liðin er rétt að ákvæðið falli niður.

Tillögur um breytingar á samþykktum - 6



(6) Grein 7.2

- a. Lagt er til að orðalag greinar 7.2 breytist:

Núverandi grein:

Stjórnin skal boða ársfundinn með minnst 14 daga fyrirvara með bréfi eða á annan sannanlegan hátt. Í fundarboði skal geta dagskrár. Ársfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

Að í stað „með bréfi eða á annan sannanlegan hátt“ komi „með tryggilegum hætti“

Greinin eftir breytingar:

Stjórnin skal boða ársfundinn með minnst 14 daga fyrirvara með tryggilegum hætti. Í fundarboði skal geta dagskrár. Ársfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

Rökstuðningur:

Framangreind orðalagsbreyting er lögð til að samræma orðalagið við 2. mgr. 30. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða.

Tillögur um breytingar á samþykktum - 7



(7) Grein 9.1

- a. Lagt er til að orðalag greinar 9.1 breytist:

Núverandi grein:

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórnin skal ávaxta fé sjóðsins með tilliti til heimilda í VII. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

Að í stað „VII. kafla laga“ komi „lögum“.

Greinin eftir breytingar:

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórnin skal ávaxta fé sjóðsins með tilliti til heimilda í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum.

Rökstuðningur:

Framangreind orðalagsbreyting er lögð fram til að einfalda tilvísun til laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Tillögur um breytingar á samþykktum - 8



(8) Grein 10.6

- a. Lagt er til að grein 12.8 færist orðrétt í nýja grein 10.6:

Núverandi grein: Samningi er hægt að segja upp með tveggja mánaða fyrirvara. Samningur fellur úr gildi ef sjóðfélagi hættir störfum, sem er forsenda fyrir greiðslu hans til séreignarsjóðs Almenna lífeyrissjóðsins, nema hann óski þess að halda áfram að greiða til séreignarsjóðsins. Uppsögn samnings um séreignarsparnað eða viðbótartryggingavernd veitir ekki rétt til útborgunar innstæðu eða réttinda.

Rökstuðningur:

Lagt er til að ákvæðið færist úr 12. grein sem fjallar um útborgun inneignar upp í 10. grein sem fjallar almennt um séreignarsjóð og samninga um viðbótarsparnað.

Tillögur um breytingar á samþykktum - 9



(9) Grein 11.1

a. Lagt er til að orðalag greinar 11.1 breytist:

Núverandi grein:

Sjóðfélagar geta valið á milli þess að ávaxta inneign sína í sjö verðbréfasöfnum. Verðbréfasöfnin eru:

Ævisafn I hentar þeim sem eru að ávaxta lífeyrissparnað sinn til langs tíma og er hugsað fyrir sjóðfélaga á aldrinum 16-44 ára.

Ævisafn II hentar þeim sem eru að ávaxta lífeyrissparnað sinn til langs tíma og er hugsað fyrir sjóðfélaga á aldrinum 45-56 ára.

Ævisafn III er fyrir sjóðfélaga sem vilja taka litla áhættu og hentar vel fyrir sjóðfélaga sem eru 57 ára og eldri.

Húsnæðissafn fjárfestir í veðskuldabréfum, sértryggðum skuldabréfum fjármálafyrirtækja, ríkisskuldabréfum og innlánum. Safnið hentar vel þeim sem vilja nýta séreignarsparnað til að safna fyrir kaupum á fasteign og/eða greiða inn á húsnæðislán.

Innlánssafn er fyrir þá sem vilja forðast verðsveiflur á inneign sinni og hentar fyrir þá sem eru byrjaðir að taka lífeyri og ganga á inneign sína.

Ríkissafn – stutt er fyrir þá sem vilja lágmarksskuldaraáhættu og vilja forðast verðsveiflur á inneign sinni. Safnið hentar fyrir þá sem eru byrjaðir að taka lífeyri og ganga á inneign sína.

Ríkissafn – langt er fyrir þá sem vilja lágmarksskuldaraáhættu, þola nokkrar sveiflur í ávöxtun og hyggjast ekki ganga á inneign sína á næstu 12 mánuðum.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

Lagt er til að ofangreindur texti falli niður og nýr texti tekinn upp.

Greinin eftir breytingar:

Sjóðfélagar geta valið að ávaxta inneign sína í aldurstengdum verðbréfasöfnum sem eru Ævisafn I, Ævisafn II og Ævisafn III. Sjóðnum er heimilt að bjóða upp á fleiri ávöxtunarleiðir og skal móta sérstaka fjárfestingarstefnu fyrir hverja einstaka ávöxtunarleið í samræmi við grein 9.1 um fjárfestingarheimildir.

Rökstuðningur:

Tillaga þessi er lögð fram til að einfalda umfjöllun um verðbréfasöfn sjóðsins í samþykktum, nánari lýsingu á söfnunum er að finna í fjárfestingarstefnu og á heimasíðu sjóðsins. Tillagan er í samræmi við framkvæmdina hjá öðrum lífeyrissjóðum.

Tillögur um breytingar á samþykktum - 10



(10) Grein 11.2

- a. Lagt er til að orðalag greinar 11.2 breytist:

Núverandi grein:

Sjóðfélagar geta valið að ávaxta inneign sína í einstökum verðbréfasöfnum eða valið **Ævileiðina** en þá flyst inneign þeirra milli verðbréfasafna eftir aldri. Þeir sem velja þennan kost flytjast sjálfkrafa án kostnaðar úr Ævisafni I í Ævisafn II í jöfnum áföngum á þremur árum á aldrinum 45 til 48 ára og síðan úr Ævisafni II í Ævisafn III í jöfnum áföngum á þremur árum á aldrinum 57 til 60 ára. Löggjöld sem berast eftir að flutningur milli ævisafna er hafinn greiðast í það ævisafn sem inneign flyst í. Þeir sem ekki velja sér verðbréfasafn ávaxta inneign sína samkvæmt Ævileiðinni.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

Lagt er til að texti úr grein 11.3 flytjist í grein 11.2 og við greinina bætist „Enginn kostnaður er greiddur þegar inneign flyst milli safna samkvæmt Ævileiðinni.“

Greinin eftir breytingar:

Sjóðfélagar geta valið að ávaxta inneign sína í einstökum verðbréfasöfnum eða valið **Ævileiðina** en þá flyst inneign þeirra milli verðbréfasafna eftir aldri. Þeir sem velja þennan kost flytjast sjálfkrafa úr Ævisafni I í Ævisafn II í jöfnum áföngum á þremur árum á aldrinum 45 til 48 ára og síðan úr Ævisafni II í Ævisafn III í jöfnum áföngum á þremur árum á aldrinum 57 til 60 ára. Löggjöld sem berast eftir að flutningur milli ævisafna er hafinn greiðast í það ævisafn sem inneign flyst í. Þeir sem ekki velja sér verðbréfasafn ávaxta inneign sína samkvæmt Ævileiðinni. Enginn kostnaður er greiddur þegar inneign flyst milli safna samkvæmt Ævileiðinni.

Rökstuðningur:

Lagt er til að ákvæðið færist í grein 11.2 grein sem fjallar um flutning skv. Ævileiðinni.

Tillögur um breytingar á samþykktum - 11



(11) Grein 11.3

a. Lagt er til að orðalag greinar 11.3 breytist:

Núverandi grein:

Sjóðfélagar geta hvenær sem er valið nýtt safn til að ávaxta inneign sína og flutt inneign milli verðbréfasafna í einu lagi eða í áföngum. Beiðnir um breytingar á ávöxtunarleið skulu vera staðfestar af sjóðfélögum með undirskrift. Ef um er að ræða flutning í einu lagi skal inneign flutt milli verðbréfasafna í lok mánaðar eftir að beiðni berst. Beiðnir um flutning sem berast síðustu tvo virka daga mánaðar verða afgreiddar í lok næsta mánaðar eftir að beiðni berst. Sjóðfélagar greiða 0,2% af eignum í kostnað fyrir flutning á inneign milli ávöxtunarleiða nema ef inneign er flutt úr Innlánssafninu, þá er kostnaðurinn 0,1%. Enginn kostnaður er greiddur þegar inneign flyst milli safna samkvæmt Ævileiðinni.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar:

[...] Sjóðfélagar greiða ~~0,2% af eignum í kostnað fyrir flutning á inneign milli ávöxtunarleiða og greiðist kostnaðurinn að jöfnu í söfn sem flutt er úr og í. Stjórn sjóðsins ákvarðar kostnað hverju sinni birta upplýsingar um hann á heimasíðu~~ *nema ef inneign er flutt úr Innlánssafninu, þá er kostnaðurinn 0,1%.*

Greinin eftir breytingar:

Sjóðfélagar geta hvenær sem er valið nýtt safn til að ávaxta inneign sína og flutt inneign milli verðbréfasafna í einu lagi eða í áföngum. Beiðnir um breytingar á ávöxtunarleið skulu vera staðfestar af sjóðfélögum með undirskrift. Ef um er að ræða flutning í einu lagi skal inneign flutt milli verðbréfasafna í lok mánaðar eftir að beiðni berst. Beiðnir um flutning sem berast síðustu tvo virka daga mánaðar verða afgreiddar í lok næsta mánaðar eftir að beiðni berst. Sjóðfélagar greiða kostnað fyrir flutning á inneign milli ávöxtunarleiða og greiðist kostnaðurinn að jöfnu í söfn sem flutt er úr og í. Stjórn sjóðsins ákvarðar kostnað hverju sinni.

Rökstuðningur:

Lagt er til að fella niður úr samþykktum prósentutölur og fela stjórn að setja sérstaka gjaldskrá vegna flutninga á milli safna í þeim tilvikum sem það á við.

Tillögur um breytingar á samþykktum - 12



(12) Greinar 11.4 og 11.5

- a. Samþykki fundurinn breytingar á grein 11.1 falla greinar 11.4 og 11.5 sjálfkrafa niður þar sem grein 11.1 tekur þá á þeim atriðum sem greinarnar tvær fjölluðu um.

(13) Grein 12.8

- a. Sjá athugasemd við grein 10.6 hér að framan.

(14) Grein 16.3

- a. Lagt er til að grein 16.3 falli niður þar sem grein 1.2 tekur á þessu.

(15) Grein 20.6

- a. Sjá athugasemd við grein 2.3 hér að framan

(16) Grein 21.1

- a. Lagt er til að orðalag greinar 21.1 breytist:

Núverandi grein:

Sjóðfélagar geta hækkað iðgjald til samtryggingarsjóðs Almenna lífeyrissjóðsins og bætt við sig eftirfarandi lífeyrisréttindum.

1. Viðbót við lágmarkstryggingavernd.
2. Viðbótarellilífeyri.

Óski sjóðfélagi eftir að greiða viðbótariðgjald til samtryggingarsjóðsins skal gerður skriflegur samningur við sjóðfélagann um hversu hátt hlutfall af iðgjaldsstofni viðbótariðgjaldið skuli vera, gildistíma og ráðstöfun þess sbr. gr. 21.2 og 21.3. Hámarksíðgjald í samtryggingarsjóðinn er 15%. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að hafna eða takmarka viðtöku iðgjalds umfram lögbundið lágmarksíðgjald í lífeyrissjóð samkvæmt 2. grein laga nr. 129/1997 ef telja verður að skuldbindingar sjóðsins vegna sjóðfélagsins myndu aukast verulega umfram verðmæti iðgjalda enda skal slík ákvörðun vera rökstudd með skriflegu áliti tryggingafræðings sjóðsins.

Tillaga um breytingu:

Lagt er til að hámarksíðgjald í samtryggingarsjóðinn verði 15,5% af launum sjóðfélaga og að greinin breytist eftirfarandi:

[...] Hámarksíðgjald í sjóðinn verði 15,5% af launum sjóðfélaga. [...]

Rökstuðningur:

Lagt er til að prósentutalan verði hækkuð til samræmis við breytingar á lágmarksíðgjaldi á almennum vinnumarkaði.



Ársfundur 2019

Dagskrá

1. Fundarsetning
2. Skýrsla stjórnar
3. Ársreikningur 2018 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs
4. Kynning á fjárfestingarstefnu
5. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
6. Kosning stjórnar
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
8. Ákvörðun um laun stjórnar
9. Önnur mál



Kosning stjórnar

Fimm framboð bárust í tvö laus sæti í aðalstjórn

- Á fundinum á að kjósa tvo aðalmenn í stjórn til þriggja ára og einn varamann.
- Í samþykktum sjóðsins er kveðið á um að stjórn sjóðsins skuli skipuð þremur konum og þremur körlum. Í stjórn eru þegar þrjár konur þannig að eingöngu karlar eru kjörgengir að þessu sinni.
- Eftirfarandi sjóðfélagar hafa tilkynnt framboð sitt og eru samkvæmt samþykktum sjóðsins kjörgengir til aðalstjórnar til þriggja ára:
 - Davíð Ólafur Ingimarsson, forstjóri
 - Helgi Baldvinsson, tæknifræðingur
 - Oddur Ingimarsson, læknir
 - Ragnar Torfi Geirsson, deildarstjóri
 - Sigurjón H. Ingólfsson, sérfræðingur

Varastjórn

Varamenn eru kosnir þegar kjör aðalmanna hefur farið fram





Ársfundur 2019

Dagskrá

1. Fundarsetning
2. Skýrsla stjórnar
3. Ársreikningur 2018 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs
4. Kynning á fjárfestingarstefnu
5. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
6. Kosning stjórnar
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
8. Ákvörðun um laun stjórnar
9. Önnur mál

Endurskoðandi, endurskoðunarfélag

Ernst & Young er sjálfkjörið



- Samkvæmt tillögu endurskoðunarnefndar leggur stjórn sjóðsins til að **Ernst & Young ehf.** verði endurskoðendur Almenna lífeyrissjóðsins
- Þar sem engin önnur tillaga hefur borist er Ernst & Young ehf. sjálfkjörið sem endurskoðunarfélag sjóðsins fyrir reikningsárið 2018



Ársfundur 2019

Dagskrá

1. Fundarsetning
2. Skýrsla stjórnar
3. Ársreikningur 2018 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs
4. Kynning á fjárfestingarstefnu
5. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
6. Kosning stjórnar
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
8. Ákvörðun um laun stjórnar
9. Önnur mál

Tillaga um stjórnarlaun

- Mánaðarlaun stjórnarmanns verði 150 þúsund krónur á mánuði fyrir árin 2018 og 2019. Varaformaður fær ein og hálf mánaðarlaun og stjórnarformaður 2föld mánaðarlaun
- Stjórnarmaður sem stóðst hæfismat FME á undanfögnu starfsári fær auk þess 2 mánaðarlaun almenns stjórnarmanns
- Laun varamanns fyrir setinn fund sem aðalmaður nema einum mánaðarlaunum stjórnarmanns eða 150 þúsund og 95 þúsund krónur fyrir setinn fund sem varamaður



Ársfundur 2019

Dagskrá

1. Fundarsetning
2. Skýrsla stjórnar
3. Ársreikningur 2018 og tryggingafræðileg athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs
4. Kynning á fjárfestingarstefnu
5. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
6. Kosning stjórnar
7. Kosning endurskoðenda eða endurskoðunarfélags
8. Ákvörðun um laun stjórnar
9. Önnur mál

ÁRSFUNDUR 2019

11. apríl á Reykjavík Natura